



Verulegar hækkningar á hlutabréfamörkuðum í júlí

Eftir almennar og fremur kröftugar lækkningar á hlutabréfamörkuðum heimsins í júní komu kröftugar hækkningar í júlí. Íslenski markaðurinn hækkaði um 7% en mestu hækkningar voru í Svíþjóð þar sem markaðir hækkuðu um 12%. Þrátt fyrir þessa kröftugu hækkun nú í júlí eru markaðir samt sem áður enn lægri en þeir voru í upphafi júnímánaðar.


Nær öll félögin hækkuðu í júlí

Af þeim 22 félögum sem skráð eru á aðallista kauphallarinnar voru 19 sem hækkuðu í verði en einungis 3 sem lækkuðu. Mesta hækkunin var hjá Icelandair Group sem hækkaði um ríflega þriðjung í mánuðinum. Næstmesta hækkunin var hjá Eimskip sem hækkaði um rúmlega 20%. Þriðja mesta hækkunin var síðan hjá Origo, 16,4%. Verðþróun nýju félaganna í kauphöllinni, Nova og Ölgerðarinnar var misjöfn í mánuðinum. Nova lækkaði um 2,5% en Ölgerðin hækkaði um 5,3%. Félögin voru sett á markað í júní og var sama þróun uppi á teningnum á þeim mánuði. Nova lækkaði í verði og Ölgerðin hækkaði. Útboðsgengi Nova var 5,11 en útboðsgengi Ölgerðarinnar var 8,9. Frá þeim verðum hefur Nova lækkað um 10,4% en Ölgerðin hefur hækkað um 14,6%. Hin félögin sem lækkuðu í júlí voru Síminn, sem lækkaði um 3,4% og Reginn sem lækkaði um 4,1%.


Kröftug hækkun á hlutabréfamörkuðum í júlí

Nokkuð kröftug hækkun varð víða á hlutabréfamörkuðum í júlí og hækkaði hlutabréfaverð á öllum mörkuðum helstu viðskiptalanda Íslands utan Kína en sá markaður lækkaði um 4,3%. Mesta hækkunin var í Svíþjóð, 12% en þar á eftir kom Danmörk með 10,9% og svo bandaríski markaðurinn með 9,1%. Hér á landi hækkaði heildarvísitala OMX¹ um 7%. Minnstu hækkningar voru í Kanada, 4,4%, Bretlandi, 4,2% og Japan 3,7%. Verðbólga í heiminum hefur ekki verið hærrí í áratugi og hefur það kallað á stýrivaxtahækkningar til að draga úr eftirspurn.

Ávöxtun hlutabréfa í júlí



Ávöxtun hlutabréfamarkaða í júlí



¹ Iceland All-share Total Return (OMXGI)




Evrópski og bandaríski seðlabankinn hækkuðu báðir stýrivexti sína í júlí. Sá evrópski hækkaði vextina um 0,5 prósentustig og sá bandaríski um 0,75 prósentustig. Vaxtahækkun þess evrópska var sú fyrsta í 11 ár. Báðar hækkanirnar voru í góðu samræmi við væntingar og höfðu því ekki neikvæð áhrif á hlutabréfamarkaði.

12 mánaða ávöxtun víðast orðin neikvæð

Ársbreytingar hlutabréfamarkaða eru víða neikvæðar eða einungis rétt yfir núllinu. Eftir að hafa hækkað í hverjum mánuði frá febrúar og fram í ágúst á síðasta ári hafa hlutabréfamarkaðir verið í lækkunarfasa. Sé litið til mánaðarbreytingar frá því í ágúst á síðasta ári hefur það verið fremur regla en undantekning að markaðir hafi lækkað. Hækkunin núna í júlí var ekki nægileg til að vega fyllilega upp lækkunina sem varð í júní. Markaðir eru því enn lægri en þeir voru í lok maí. 12 mánaða ávöxtun á íslenska markaðnum nemur 1,6% og nær því rétt svo að vera réttu megin við núllið. Í Japan, Bretlandi og Danmörku er ávöxtunin einnig lág en réttu megin við núllið. Noregur er í ákveðnum sérflokki en þar er 12 mánaða ávöxtunin 18,2%. Mestu lækkanirnar eru í Finnlandi og Svíþjóð en þær eru rétt um -16%. Í Þýskalandi nemur lækkunin 21,4%.

12 mánaða ávöxtun hlutabréfamarkaða



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.